




UMHVERFISSKÝRSLA
AÐALSKIPULAGS VOPNAFJARÐARHREPPS
2006 - 2026



G R E I N A R G E R Ð - T I L L A G A

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Greinargerð
05. júní 2008.

Teikn á lofti ehf.

Skipagata 12
602 Akureyri
Sími 4612800, Fax 4627789
info@teikn.is
www.teikn.is

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	6
1.1 Forsendur áætlunarinnar	6
1.2 Tilgangur	6
1.3 Viðfangsefni	6
1.4 Tengsl við aðra áætlanagerð	7
1.5 Áætlunarsvæðið	8
2 AÐFERÐIR	9
2.1 Umhverfisþættir	9
2.2 Umfang umhverfismats	10
2.3 Kynning og samráð umhverfismatsins	11
2.4 Framsetning umhverfisskýrslu Aðalskipulags Vopnafjarðar	12
3 UMHVERFISMAT STEFNUMIÐA FYRIR SAMGÖNGUR	14
3.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur	14
3.2 Umhverfismat stefnumiða fyrir Hellisheiðargöng	15
3.3 Umhverfismat stefnumiða fyrir Norðausturveg	19
3.4 Umhverfismat stefnumiða fyrir nýja stofnbraut í þéttbýli	21
4 UMHVERFISMAT STEFNUMIÐA FYRIR HAFNARSVÆÐI	24
4.1 Umhverfimat stefnumiða um hafnarsvæðið	24
4.2 Umhverfismat stefnumiða um uppfyllingu að Ásgarðsbryggju	24
4.3 Umhverfismat stefnumiða um uppfyllingu milli Innrigarðs og Smábátaþafnar	25
4.4 Umhverfismat stefnumiða um stækkan loðnubræðslu	26
5 UMHVERFISMAT STEFNUMIÐA FYRIR UMHVERFISSTEFNU SVEITARFÉLAGSINS	28
5.1 Umhverfismat stefnumiða um sorförgunarsvæði	28

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

5.2 Umhverfismat stefnumiða um efnistökusvæði - efnislosun	28
5.3 Umhverfismat stefnumiða um fráveitu	30
6 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR	32
6.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	32
6.2 Matskyldar framkvæmdir - umhverfismat skipulagstillögunnar	33
6.2.1 Hellisheiðargöng	33
6.2.2 Nýr stofnvegur að Hringvegi	34
6.2.3 Ný stofnbraut í þéttbýli	34
6.2.4 Hafnarsvæði	34
6.2.5 Stækkun loðnubræðslu í allt að 2 þúsund tonn	35
7 SAMANTEKT UMHVERFISMATS	36
7.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur	36
7.2 Umhverfismat fyrir hafnarsvæði	37
7.3 Umhverfismat stefnumiða fyrir umhverfisstefnu sveitarfélagsins	38
8 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS	40
8.1 Vöktunaráætlun	40
9 HEIMILDASKRÁ	42
10 VIÐAUKAR	44
10.1 Viðauki I, Venslatöflur	44

1 INNGANGUR

Umhverfismat þetta er unnið samhliða gerð Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 og er í samræmi við kröfu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

1.1 Forsendur áætlunarinnar

Evrópusambandið samþykkti árið 2001 tilskipun um umhverfismat áætlana og hafa íslendingar tekið upp ákvæði tilskipunarinnar í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að meta umhverfisáhrif tiltekinna áætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, stuðla að sjálfbærri þróun og að tekið sé tillit til umhverfisjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatið er unnið samhliða Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, og vísað er því til þeirra grunngagna og heimilda sem nýtt voru við vinnslu þess.

1.2 Tilgangur

Umhverfismati áætlana er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfisjónarmið til grundvallar við móton áætlana, sem og félagsleg og efnahagsleg sjónarmið. Umhverfismati áætlana er einnig ætlað að bæta umfjöllun um umhverfismál umfram það sem unnt er að gera við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með því að

- sjá fyrir umhverfisáhrif fremur en að bregðast við þeim,
- fjalla um umhverfisáhrif áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar,
- fjalla um aðra kosti, s.s. aðra staðsetningarkosti,
- fjalla um víðtæk áhrif, s.s. langtímaáhrif og áhrif á stærri svæði, samlegðaráhrif margra framkvæmda og afleidd áhrif.

Umhverfismat við áætlanagerð getur jafnframt gefið góða yfirsýn yfir umfang og eðli umhverfisáhrifa og þannig stuðlað að því að mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda í kjölfarið verði markvissari.

1.3 Viðfangsefni

Í umhverfismati áætlana gefst tækifæri til að fjalla um umhverfisáhrif megin stefnukosta og samlegðaráhrif, sem oft á tíðum er ekki raunhæft að fjalla um þegar umhverfisáhrif einstakra framkvæmda eru metin.

Umhverfismatið hefst á því að ákveðið er hvaða stefnumið skipulagstillögunnar skuli skoðuð með tilliti til umhverfisáhrifa og stuðst við upptalningu matsskyldra framkvæmda í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Því næst eru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar, s.s. náttúrufar, samfélag, efnahagur, landslag. Við mat á

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

hvaða umhverfisþætti ber að skoða er höfð hliðsjón af upplýsingum um ástand umhverfisins á því svæði sem áætlunin tekur til, ásamt upplýsingum um þekkt umhverfisáhrif eða umhverfisvandamál tengd þeim stefnumiðum sem sett eru fram í aðalskipulagsáætluninni.

Til að skýra nánar hvaða einkennum umhverfisþáttar sjónum er beint að eru settir fram svokallaðir umhverfisvíesar eða mælikvarðar (mælanlegir eða huglægir). Umhverfisvíesar auðvelda að einhverju leyti upplýsingasöfnun með því að afmarka gagnasöfnun um víðfeðma umhverfisþætti við tiltekin atriði og setja mælikvarða á ástand tiltekins umhverfisþáttar.

1.4 Tengsl við aðra áætlanagerð

Við vinnslu aðalskipulags 2006-2026 og umhverfisskýrslu, hefur þess verið gætt að aðalskipulagsáætlun Vopnafjarðarhrepps sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Sérstaklega hefur verið horft á tengsl skipulagáætlunar við:

- **Aðalskipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga á Norður- og Austurlandi.** Aðliggjandi sveitarfélög eru Fljótsdalshérað, Norður Þing og Langanesbyggð. Þessi sveitarfélög eru öll nýlega sameinuð svo ekkert þeirra hefur gildandi aðalskipulag fyrir allt sveitarfélagið í en tekið hefur verið tillit til allra gildandi aðalskipulaga.
- **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2005-2020.** Samkvæmt lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, ásamt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs eiga sveitarstjórnir að semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem byggist á markmiðum landsáætlunar. Svæðisáætlun þessi um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi nær yfir 11 sveitarfélög á svæðinu, frá Skeggjastaðahreppi í norðri til Breiðdalshrepps í suðri.
- **Svæðisskipulag Miðhálendisins 2015.**
- Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2008. Þingsályktun um Náttúruverndaráætlunina er unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem kveður á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Náttúruverndaráætlunin og Náttúruminjaskrá afmarka sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og marka stefnu um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjaskrá.
- **Samgönguáætlun 2007-2018.** Samgönguáætlun tekur til fjárlöflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála og ber samgönguráðherra að leggja á fjölgurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Jafnframt því sem samgönguáætlun skilgreinir grunnkerfi fyrir meginþunga

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

samgangna skal gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngumálum og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna næstu 12 ár. Einnig á samgönguáætlun að meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Við stefnumörkun og skipulagningu í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 hefur verið tekið mið af samgönguáætlun 2007-2018.

1.5 Áætlunarsvæðið

Skipulagssvæðið sem áætlunin tekur til er Vopnafjarðarhreppur með öllu því landsvæði sem undir hann fellur, þéttbýli og dreifbýli.

Hér á eftir er gerð grein fyrir aðferðum sem beitt hefur verið við umhverfismat Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps og niðurstöðu umhverfismatsins.

2 AÐFERÐIR

2.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna aðalskipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/42/EB um umhverfismat áætlana tók greining áhrifa til eftirfaranda umhverfisþáttta;

- samfélags og heilbrigði fólks
- dýra, plantna og líffræðilegrar fjölbreytni
- jarðvegs og jarðmyndana
- vatns, lofts og veðurfars
- eigna
- menningararfleifðar, þ.m.t. byggingarsögulegra minja og fornleifa
- landslags.

Við mat á núverandi ástandi umhverfisþáttta var stuðst við viðeigandi skýrslur og úttektir sem unnar hafa verið á svæðinu, s.s. svæðisskráningu fornleifa, náttúruminjaskrá, nytjaland- upplýsingar, veiðiskýrslur, hagtölur landbúnaðarins, gróðurfarsrannsóknir o.fl. ásamt lýsingu aðstæðna í aðalskipulagi, niðurstöðu íbúaþings, upplýsingum frá staðkunnugum og greiningu á aðstæðum með gátlistum.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismati Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps eru eftirfarandi og teljast líklegir að verða fyrir teljandi jákvæðum eða neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum skipulagsáætlunarinnar eru;

- **Samfélag**, vegna samlegðaráhrifa margra uppbyggingarþáttta í samféluginu t.d. samgöngur, atvinna og þjónusta. Forsendukaflar 2.2.1-2.2.6, 2.2.8 í aðalskipulagsgreinagerðinni lagðir til grundvallar við mat á óbreyttri landnotkun.
- **Náttúrufar**, vegna fyrirhugaðra breytinga í landnotkun og rasks á gróðurlendum á framkvæmdasvæðum. Forsendukaflar 2.1 í aðalskipulagsgreinagerðinni lýsa grunngildum sem stuðst er við.
- **Heilsa og vellíðan**, vegna mögulegra breyttra mengunaráhrifa af völdum samgangna, framkvæmda og fráveitu. Forsendukaflar 2.1.1-2.1.3 í

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

aðalskipulagsgreinagerðinni lýsa grunngildum sem stuðst er við ásamt niðurstöðum mælinga.

- **Byggð og efnisleg verðmæti**, vegna áhrifa af þéttingu byggðar, atvinnuuppbryggingar, samgangna og áhrifa á íbúaþróun. Forsendukaflar 2.2.1-2.2.8 í aðaskipulagsgreinagerðinni lagðir til grundvallar við mat á óbreyttri landnotkun.

Fjallað er nánar um ofangreinda umhverfisþætti ásamt skilgreiningu umhverfisvísa í viðauka I.

Umfjöllun um umfang og vægi áhrifa byggist á eftirfarandi umhverfisverndarmarkmiðum;

- náttúruverndarlögum nr 44 / 1999
- Náttúrumínjaskrá 1996
- náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008
- niðurstöðum íbúaþinga á Vopnafirði
- svæðisskráningu fornleifa Bryndísar og Guðnýjar Zoëga, 2005
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

Við val á umhverfisþáttum og viðmiðum við umhverfismatið voru notaðir gátlistar í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana við skipulagsgerð.

2.2 Umfang umhverfismats

Fyrstu skref við gerð umhverfismats er að taka afstöðu til hvort umhverfismatið eigi að beinast að tilteknum stefnumiðum aðalskipulagsins öðrum fremur. Þá einnig að meta í hvaða tilvikum sé rétt að bera saman ólíka stefnukosti m.t.t. umhverfisáhrifa.

Í umhverfismati Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps var ákveðið að meta þau stefnumið sem talin voru líkleg til þess að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum og raska hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Þeir þættir stefnumiða sem líklegir eru til að hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á ofangreinda umhverfisþætti eru;

- Hellisheiðargöng
- Norðausturvegur, ný vegtenging Vopnafjarðar við Hringveg um Vesturárdalsleið

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

- Ný stofnbraut í þéttbýli
- Hafmarsvæðið, ný uppfylling á hafnarsvæði ásamt vegtengingu
- Stækkun / endurbygging loðnubræðslu
- Umhverfisstefna sveitafélagsins
- Efnistaka
- Sorpförgun
- Fráveita

Þessi stefnumið verða því metin með tilliti til umhverfisáhrifa á skipulagstíma út frá áður skilgreindum umhverfisþáttum.

2.3 Kynning og samráð umhverfismatsins

Teikn á lofti ehf. hefur unnið að umhverfismatinu í samstarfi við sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps. Við gerð umhverfisskýrslunnar hefur verið haft samráð við ýmsa aðila og það verið kynnt þeim sem hafa hagsmuna að gæta. Samráð hefur verið haft við Skipulagstofnun og umsögn fengin.

Skyrslan var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ árið _____

2.4 Framsetning umhverfisskýrslu Aðalskipulags Vopnafjarðar

Við mat á áhrifum stefnumiða voru notuð eftirfarandi tákn/einkunnir:

+	Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
0	Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt.
-	Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Ú	Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Umhverfisskýrslunni er skipt í eftirfarandi hluta, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum umhverfismats fyrir hvern þátt stefnumiða sem talinn er hafa jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif. Þetta er sett fram með svokallaðri venslatöflu og greinargerð sem skýrir einkunnir og niðurstöðu.

- **Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur**
 - Umhverfismat fyrir Hellisheiðargöng
 - Umhverfismat fyrir Norðausturveg
 - Umhverfismat fyrir nýja stofnbraut í þéttbýli
- **Umhverfismat fyrir hafnarvæði**
 - Umhverfismat fyrir uppfyllingu við Ásgarð
 - Umhverfismat stefnumiða um uppfyllingu milli Innriðingar og Smábáthafnar
 - Umhverfismat fyrir stækkun loðnubræðslu
- **Umhverfismat stefnumiða fyrir umhverfisstefnu sveitafélagsins**
 - Umhverfismat fyrir sorpförgun
 - Umhverfismat um efnistökusvæði – efnislosun
 - Umhverfismat fyrir fráveitu

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

3 UMHVERFISMAT STEFNUMIÐA FYRIR SAMGÖNGUR

3.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur

Stefna um samgöngur kemur fram í kafla 3.2.7 í greinargerð Aðalskipulags	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Samgöngur: Almenn stefnumið og stefna um gatnakerfi, göngustíga og flugsamgöngur	+	Ú	+	+

Almenn stefnumið aðalskipulagsins um samgöngur, s.s. bættar samgöngur til og frá sveitafélaginu, betri frágangur á götum þéttbýlisins, bundið slitlag, gangstígagerð og bætt skipulag á stofnbrautinni í gegnum þéttbýlið, styðja umhverfisviðmið þátta sem tengjast samfélagi, heilsu og vellíðan, byggð og efnislegra verðmæta. Áhrif sömu stefnumiða á náttúrufar er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Samgöngumannvirki til styttingar leiðar milli Vopnafjarðar og Mið-Austurlands hafa aðaláhersluna. Gott aðgengi er talið til aukinna lífsgæða sem og að verslun og þjónusta á Mið-Austurlandi og Mið-Norðurlandi sé aðgengileg allt árið. Þetta hefur bein jákvæð áhrif á umhverfispætti samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta, þar sem fólksfjölgun og hærra fasteignaverð myndi að öllum líkindum fylgja í kjölfarið.

Áhrif stefnumiða fyrir samgöngur í Vopnafjarðarhreppi geta haft jákvæð áhrif á náttúrufar, t.d. með minni mengun vegna útblásturs á yfirferðarléttari vegum, styttri vegalengdir fyrir allan flutning (fólk, vörur, úrgangur), minni hávaða- og rykmengun nærrí vegum, bætt umferðaröryggi o.s.frv. Þó er mjög hætt við neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á ýmsa þætti náttúrufars svæðisins, t.d. ósnert eða sérstætt landslag, fornleifar, náttúruminjar, rask gróðurlenda og mýrarfláka eða breytta ásýnd. Þetta er þó allt háð úrvinnslu hugmyndanna til framkvæmdastigs og krefjast allar stærstu vegaframkvæmdirnar frekari undanfara t.d. mats á umhverfisáhrifum ásamt kynningarferli.

3.2 Umhverfismat stefnumiða fyrir Hellisheiðargöng

Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs munu valda því að Vopnafjörður verður ekki lengur sú endastöð sem hann hefur verið yfir veturinn og mun staðurinn verða innan ásættanlegrar vegalengdar frá Mið-Austurlandi með tilliti til þjónustusóknar allan ársins hring. Enda þótt notendur sem hafa ávinning af göngunum séu ekki margir mun tímasparnaður og þar með lækkun ferðakostnaðar verða veruleg. Auk þess verður ekki lengur um fjallvegi að fara og öryggi því verulega bætt í vetrarferðum. Vopnafjörður og Bakkafjörður munu tilheyra þjónustusvæði Mið-Austurlands í ríkari mæli og mun það e.t.v. valda aukinni samkeppni við heimaþjónustu þar. Svæðið norðan Hellisheiðar eystri mun færast frekar inn á ferðamannasvæði Austurlands. Of langt er þó á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða til þess að staðirnir nái saman sem atvinnusvæði. Göng um Hellisheiði munu bæta þjónustustig og ýmis lífsskilyrði í hreppunum norðan Hellisheiðar.

Helstu jákvæðu áhrif samgöngubóta eru því:

- 1 Tímasparnaður notenda
- 2 Lægri ferðakostnaður
- 3 Aukið öryggi
- 4 Bætt aðgengi að þjónustu og stækkun þjónustusvæða
- 5 Í einhverjum tilvikum hærra fasteignaverð
- 6 Stærri atvinnusvæði
- 7 Skilyrði til hagræðingar hjá sveitarfélögum

Helstu neikvæðu áhrif geta verið:


- 1 Veikari rekstrargrundvöllur nærþjónustu og nærvverslunar.
- 2 Þjónusta og stjórnsýsla ríkis eins og t.d. sýslumannsembætti leggjast af.
- 3 Lakari samgöngutengsl þeirra sem búa við gömlu leiðina sem er leyst af hólmi með samgöngubótinni, sé um slíkt að ræða.

Nokkrar jarðgangaleiðir hafa verið skoðaðar milli þessara byggðarlaga. Þar er bæði um að ræða tiltölulega stutt göng gegnum fjallið Búr og lengri göng milli Böðvarsdals og Jökulsárlíðar. Í báðum tilvikum er um nokkrar leiðir að ræða. Jarðfræðilegar aðstæður eru erfiðar um Búrið og jarðgangagerð því dýrari. Stystu göng yrðu um 2 km á lengd, en þá yrði einnig farið með veg í 400 m.y.s. yfir svonefnnda Fönn. Álitlegra gæti verið að fara í 350–400 m.y.s. í jarðgöngum milli Seldals og Ketilsstaða eða Frökkudals og Torfastaða, en göng á þeim stöðum yrðu um 4 km á lengd. Oftast hefur þó verið miðað við 6,3 km löng jarðgöng úr 100 m.y.s. í Frökkudal og sömu hæð ofan við Torfastaði. Heildarkostnaður við þau göng ásamt 300 m löngum forskálum og um 9 km af nýjum vegum er áætlaður 3–3,5 milljarðar.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

Leiðin milli Vopnafjarðarkauptúns og Egilsstaða um Hellisheiði er 92 km löng. Þar er ekki um vetrarleið að ræða. Um göngin yrði leiðin 84 km.

Eftir að Vopnafjarðarleið hefur verið tengd til frambúðar hringvegi um Háreksstaðaleið, verða um 135 km á milli sömu staða. Sá vegur á að teljast öruggur heilsársvegur milli byggða.



Hæð Vopnafjörður = 100 til 140 m y.s.

Hæð Hérað = 100 m y.s.

Góng = 6,3 km

Vegir = 8,7 km

Lengd alls = 15,0 km



Jarðgangaáætlun

Vopnafjörður - Hérað

Mynd 11. Jarðgöng um Böðvarsdal.

Heimild: Vegagerðin.

Helsta breyting vegna þessara jarðganga á samfélag og lífsgæði verður sú að fyrir íbúa Vopnafjarðar og Langanesbyggðar aukast tengsl við Hérað mikið, svo og samskipti milli svæðanna. Í auknum lífsgæðum felst m.a. að þjónusta og verslun á Egilsstöðum verður aðgengileg þeim allt árið.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

8 km stytting í suður frá Vopnafirð.	Er	Verður	Stytting í %
Vopnafjörður – Egilsstaðir	135	84	37%
Bakkafjörður – Egilsstaðir	168	117	31%
Vopnafjörður – Reyðarfjörður	166	115	31%

Tafla 1. Göng milli Vopnafjarðar og Héraðs, stytting nokkurra vegalengda miðað við Háreksstaðaleið.

Heimild: Byggðastofnun.

Vopnafjörður/Bakkafjörður hefur verið talsvert einangraður, a.m.k. yfir veturinn og mun þjónustusókn vera talsverð til Akureyrar, en líklegt er að hún muni minnka með göngum og þjónustusókn til Egilsstaða að aukast í staðinn. Þá er vert að hafa í huga að göng yfir til Norður-Héraðs kunna að hafa áhrif á framtíð flugs til Vopnafjarðar þar sem Egilsstaðaflugvöllur verður innan ásættanlegrar akstursfjarlægðar. Á móti verður aðgengi gott að Egilsstaðaflugvelli sem býður upp á margar ferðir á dag til Reykjavíkur. Gott aðgengi til höfuðborgarinnar er nauðsynlegt hverju byggðarlagi og beinlínis eitt af megin markmiðum samgönguáætlunar.

Samanburður kosta fyrir Hellisheiðargöng		Umhverfisþættir			
		Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefnumið	Tillaga aðalskipulags	+	-	+	+
	Óbreytt landnotkun	0	0	-	-

Tillaga aðalskipulags um göng undir Hellisheiði myndi stytta vegalengdina frá Vopnafirði til Egilsstaða um 8 km miðað við núverandi sumarveg yfir heiðina, en um 51 km miðað við heilsársveg um Háreksstaðaleið. Þetta mun hafa bæði bein og afleidd jákvæð áhrif á umhverfisþætti fyrir samfélag, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Allur flutningskostnaður mun lækka, öryggi íbúa varðandi þá samfélagsþjónustu sem ekki er til staðar innan sveitafélagsins mun aukast og allt Norð-Austur-hornið mun tengjast betur þjónustusvæði Mið-Austurlands. Vopnafjörður mun ekki vera sú endastöð sem hann hefur verið, sérstaklega yfir vetrartímann. Rétt er þó að hafa í huga að betri tengingu fylgir einnig veikari rekstrargrundvöllur fyrir nærbjónustu og nærvæslun. Því má álita líklegt að þjónusta og stjórnsýsla ríkisins muni að einhverju leyti verða sameinuð, en talið er að kosturnir sem vega upp á móti séu það veigamiklir að heildaráhrif jarðganga séu jákvæð með tilliti til umhverfisþátta.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

Umhverfisáhrif á náttúrufar munu óhjákvæmilega verða neikvæð á framkvæmdatíma á landnotkun, landbúnað, útivist, menningarminjar, jarðmyndanir, gróður, fugla og landslag á afmörkuðu áhrifasvæði vegagerðar að og frá gangamunnum. Þó munu göngin til lengri tíma litið vera ávinnungur fyrir flesta sömu þætti, þar sem áhrifasvæði vega undir heiðina eru mun minni en vega yfir heiðina. Meðal annars þar sem þetta liggur um beitarsvæðum hreindýra og í því er skipting eða splundrun búsvæða neikvæð áhrif veggengingar um Hellisheiði í dag, en með göngum myndu búsvæðin vera sameinuð á ný og dregið umtalsvert úr jaðarsvæðum og þeim neikvæðu áhrifum sem þau valda.

Ef um óbreytta landnotkun er að ræða munu viðmið varðandi umhverfisþætti samfélags og náttúrufars ekki verða fyrir teljandi áhrifum, en aftur á móti gætu viðmið varðandi heilsu og vellíðan og byggð og efnisleg verðmæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum þegar fram í sækir. Þeir umhverfisvísar sem hafðir eru til hliðsjónar við mat umhverfisáhrifa á þætti heilsu og vellíðan eru m.a. mengun og samfélagsöryggi (sjá viðauka 1). Við óbreyttar vegasamgöngur mun ekki draga úr útblæstri og miðað við aukið umferðaálag á hvern íbúa (samanber þróun síðasta áratug) mun mengun aukast ef ekki er gripið til úrbóta. Samfélagsöryggi tekur meðal annars til umferðaröryggis og þ.a.l. öruggari samgöngumannvirkja til að auðvelda íbúum áreynsluminni ferðalög og draga úr slysum, sem er eitt af meginmarkmiðum umferðaröryggisáætlunar.

Niðurstaða umhverfismats í tengslum við aðalskipulagsáætlunina gefur til kynna möguleika á umtalsverðum umhverfisáhrifum en ekki eru fyrir hendi nægjanleg grunngögn og sannanir til rökstuðnings þess. Slík framkvæmd sem jarðgöng eru, krefst ávallt nákvæmra forrannsókna og vinnslu grunngagna sem nauðsynleg eru til að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Því þykir þörf á nánara mati á umhverfisáhrifum á framkvæmdastigi.

3.3 Umhverfismat stefnumiða fyrir Norðausturveg

Á vegáætlun árið 2006 og á öðru tímabili samgönguáætlunar 2007-2010 er gert ráð fyrir tengingu Vopnafjarðar við Hringveg með framkvæmdum á Norðausturvegi frá Brunahvammi til Vopnafjarðar. Áætlað er í áætluninni að hefja framkvæmdir 2006 og var stefnt að því að undirbúningi framkvæmda geti að hluta til verið lokið árið 2005. Ljóst er að þessar framkvæmdir hefjast ekki fyrr en 2007 – 2008.

Til athugunar eru þrír meginkostir; 1) Hofsárdalsleið, 2) Vesturárdalsleið og 3) Vesturárdalsleið um Hofsháls. Vegagerðin fékk verkfræðistofuna VSÓ Ráðgjöf til að meta kosti og galla þessara þriggja leiða og var niðurstaðan eftirfarandi:

„Við samanburð á leiðunum var meira vægi lagt á vegtækni, veður og færð, og kostnað en aðra þætti. Þegar litið er til allra þeirra flokka sem skoðaðir voru kemur í ljós að:

Leið 1 (Hofsárdalsleið) og leið 3 (Vesturárdalsleið) eru taldar bestar hvað veður og færð varðar.

Leið 2 (Hofsháls) er talin best hvað landnotkun og umhverfisáhrif varðar.

Leið 2 (Hofsháls) og Leið 3 (Vesturárdalsleið) eru taldar bestar m.t.t. kostnaðar.

Leið 3 (Vesturárdalsleið) er talin best hvað vegtækni varðar.

Pannig að leiðirnar hafa mismunandi kosti og galla, og það var engin ein leið sem var greinilega betri en aðrar leiðir. En þegar litið er til þess hversu oft leiðirnar voru taldar bestar af þessum þremur og betri eða sambærilegar en a.m.k. önnur leiðin og hversu oft leið fékk lægstu einkunn af leiðunum er *leið 3 um Vesturárdal* talin ákjósanlegasta leiðin til að tengja Vopnafjörð við Hringveginn.“

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin og ber hún ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Matsáætlun fyrir framkvæmdina er unnin skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Núgildandi vegáætlun gildir fyrir árin 2003 - 2006.


Í tillögunni segir m.a:

Norðausturvegur, Hringvegur-Vopnafjörður.

Heiti verkefnis				
Vegnr. Vegheiti	2003	2004	2005	2006
Kaflanr. Kaflaheiti	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.

Norðausturvegur, Hringvegur-Vopnafjörður				
85 Norðausturvegur				
41-43 Sunnudalsvegur-Brunahvammsháls				102

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026



Mynd 10. Tillögur Vegagerðarinnar.

Vegagerðin.

Samanburður kosta á nýri vegtengingu Vopnafjarðar Hringveg	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefnumið	Tillaga aðalskipulags (Vesturárdalsleið)	+	-	+
	Hofsárdalsleið	+	-	+
	Vesturárdalsleið um Hofsháls	+	-	+
	Óbreytt landnotkun	0	0	-

Jákvæð umhverfisáhrif Norðausturvegar eru óháð veglínunum og felast í bættum samgöngum með öruggari vegtengingu milli Hringvegar og Vopnafjarðar. Búist er við því að vegaframkvæmdin muni hafa talsverð jákvæð áhrif á samfélagið á Vopnafirði, ferðaþjónustu svæðisins en þó mest á samgöngur yfir vetrartímann. Einnig mun ferðatími á sumrin styttast og þægindi og öryggi vegfaranda aukast vegna betri vegar og minni rykmengunar.

Neikvæð umhverfisáhrif Norðausturvegar er nokkur og að hluta til háð veglínuvali, þar sem verið er að raska 20-80 m breiðri spildu á 24-42 km langri leið, sem að mestu leyti

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

liggur á lítt röskuðu landi. Allir kostir munu hafa neikvæð áhrif á landnotkun, landbúnað, útivist, laxveiði, fornleifar, menningarminjar, jarðmyndanir, gróður, fugla og landslag.

Ef á heildina er litið má þó telja að jákvæð áhrif bættra samgangna á samfélag, heilsu og vellíðan og byggð og efnisleg gæði vegi þyngra en neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdanna.

Óbreytt landnotkun mun ekki hafa teljandi áhrif á umhverfispætti tengda samfélagi eða náttúrufari, en til lengri tíma litið heldur neikvæð áhrif á heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Núverandi vegtenging frá Hringvegi til Vopnafjarðar er á 29 km löngum kafla fremur mjór malarvegur, víða með kröppum beygjum og blindhæðum og uppfyllir ekki nútímakröfur um umferðaröryggi og akstursþægindi. Hann liggur í um 450-500 m hæð út Fossheiði (Vopnafjarðarheiði) út á Bustarfallsbrúnir. Þar er oft mjög vindasamt og því oft erfið vetrarfærð en einnig þokusælt árið um kring. (Vegagerðin, 2004. *Norðausturvegur. Tenging Vopnafjarðar við Hringveg. Tillaga að matsáætlun*)

Sýnt er að slæmar samgöngur og vetrareinangrun hefur neikvæð áhrif á uppbyggingu innan samfélaga, sérstaklega hvað varðar innkomu nýrra atvinnugreina, verslun og þjónustu. Léleg samkeppnisstaða hvers konar hefur aftur á móti neikvæð áhrif á bæði launa- og fasteignamarkað hvers byggðalags.

Ýtarlegt mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar hefur þegar verið unnið af Áætlana- og veghönnunardeild Vegagerðarinnar í maí 2007 og leiddi í ljós að Vesturárdalsleið hefur minnst áætluð neikvæð umhverfisáhrif. Hún hefur verið valin til framkvæmda.

3.4 Umhverfismat stefnumiða fyrir nýja stofnbraut í þéttbýli

Samanburður kosta fyrir nýja stofnbraut í þéttbýli		Umhverfispættir			
		Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Stefnumið	Tillaga aðalskipulags	+	0	+	+
	Óbreytt landnotkun	0	0	Ú	-

Tillaga aðalskipulagsins um færslu aðkomu inn í þéttbýlið norður og austur fyrir bæinn og þá tilkomu nýrrar stofnbrautar frá austurenda byggðarinnar að núverandi stofnbraut mun hafa teljandi jákvæð áhrif á samfélagsþætti, byggð og efnisleg verðmæti. Ef til heildaráhrifa er litið mun ný stofnbraut einnig að hafa jákvæð áhrif á umhverfispætti varðandi heilsu og vellíðan. Umhverfisáhrif á náttúrufar innan bæjarmarka eru ekki teljandi. Með tilkomu nýrrar stofnbrautar í gegnum m.a. hafnarsvæðið eykst

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

umferðaröryggi til muna þar sem stærri bílar þurfa ekki að aka um Hamrahlíð og losna einnig við tvær vinkilbeygjur sem geta verið varasamar. Þá mun aðgengi batna til muna að hafnarsvæðinu. Helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif vegna útblástursmengunar og hávaða á þeim svæðum sem stofnbrautin liggar um, en að sama skapi mun draga úr sömu neikvæðu áhrifum á því svæði sem stofnbrautin liggar um í dag. Einnig mun öryggi gangandi vegfarenda aukast verulega, sérstaklega til og frá leikskólanum og grunnskólanum. Hávaðamengun núverandi vegstæðis vegna brattra gatna og krappra beygja er allt að því óviðunandi. Það má með góðri hönnun og gróðri draga að miklu leyti úr neikvæðum umhverfisáhrifum nýrrar stofnbrautar og verða því umhverfisáhrif stefnumiða á heilsu og vellíðan að teljast háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

Við áætlað nýja veglínus innkeyrslu í Vopnafjarðarkaupstað fundust þó nokkrar minjar og tóftir. Þær eru allar taldar vera frá 20.öld og teljast því ekki til fornleifa. Ekki er þó útilokað að einhverjar kunni að standa á grunni eldri minja. Niðurstaða fornleifarannsóknar er að ef ekki sé unnt að færa veglínus skuli leita leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins um að minjarnar verði fjarlægðar eða huldar eftir skilyrðum sem Fornleifavernd mun setja.

Þær hættulegu umferðaraðstæður sem eru á stofnbrautinni í gegnum þéttbýlið í dag eru vissulega flöskuháls fyrir flutninga stærri eininga s.s. sumarbústaða á milli landshluta, og hafa því neikvæð áhrif á þróun og uppbyggingu á svæðinu við óbreytta landnotkun. Einnig er umferðaröryggi til hafnarsvæðisins ábótavant en með nýrri tengingu væri hægt að losna við þungaflutninga að mestu í gegnum miðkjarna þéttbýlisins.

Umhverfismat skipulagsáætlunarinnar gefur því til kynna óveruleg, en jákvæð umhverfisáhrif nýrrar stofnbrautar í þéttbýli.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

4 UMHVERFISMAT STEFNUMIÐA FYRIR HAFNARSVÆÐI

4.1 Umhverfismat stefnumiða um hfnarsvæðið

Stefna um hfnarsvæði kemur fram í kafla 3.3.8 í greinagerð aðalskipulags	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Hfnarsvæði: Almenn stefnumið	+	-	Ú	+

Neikvæð umhverfisáhrif stefnumiða á náttúrufar í höfninni eru töluverð og breytt ásýnd hfnarsvæðisins hefur vissulega áhrif á viðmót bæjarins fyrir aðkomufólk, en getur þó verið jákvæð ef vel er með farið.

Jákvæð umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins vega þó þyngra uppá móti þar sem sjávarútvegur hefur og mun áfram skapa grunninn að búsetu á Vopnafirði. Því eru aukin umsvif og áframhaldandi uppbyggingarmöguleikar nauðsynlegur grunnur að rekstri fiskvinnslu eða annarrar hafnsækinnar starfsemi þar. Það hefur einnig bein jákvæð áhrif á byggð og efnisleg verðmæti en nánari útfærsla stefnumiðanna verður að leiða í ljós hvort um jákvæð eða neikvæð áhrif á heilsu og vellíðan er að ræða. Meðal annars er mælst til þess í aðalskipulaginu að mest mengandi fyrirtækin setji upp hreinsibúnað fyrir skólp/frárennsli. Eftirfylgni með slíkri kröfu gæti reynst nauðsynleg. Mótvægisáðgerðir gegn neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda á náttúrufar, felast í bættum frágangi fráveitumála, sem mun lækka bakgrunngildi mengunar með strandlengjunni til muna.

4.2 Umhverfismat stefnumiða um uppfyllingu að Ásgarðsbryggju

Umhverfisáhrif uppfyllingar við Ásgarðsbryggju	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Tillaga aðalskipulags	+	0	Ú	+

Með lengingu fyrirhugaðs viðlegukantar og uppfyllingar að Ásgarðsbryggju er fengið mjög gott aukið landrými fyrir lóðir fyrir hafnsækna starfsemi svo sem

fiskimjölsverksmiðju, frystigeymslu, netaverkstæði o.fl. Stærð fyrirhugaðar landfyllingar er 0,9 ha og telst því ekki umhverfismatsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar sem aukin tækifæri til uppbyggingar skapast við slíka viðbót eru umhverfisáhrif stefnumiða á þætti samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta jákvæð. Þar sem um ræðir mjög raskað svæði, undir miklum áhrifum núverandi skipa/báta umferð, eru umhverfisáhrif framkvæmdanna á náttúrufar ekki teljandi. Uppfyllingarefnið er fengið frá öðrum framkvæmdum á svæðinu sem þurfa að losna við efni, svo efnistaka úr námum er ekki áætluð nema í yfirborðsefni. Áhrif stefnu aðalskipulagsins á umhverfisþætti tengda heilsu og vellíðan er háð úrvinnslu hugmynda á deiliskipulags- og framkvæmdastigi.

4.3 Umhverfismat stefnumiða um uppfyllingu milli Innriðarðs og Smábátahafnar

Umhverfisáhrif uppfyllingar við Innrið+vegtenging	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Tillaga aðalskipulags	+	-	Ú	+

Í aðalskipulagstillöggunni er gert ráð fyrir nýrri uppfyllingu milli hafnargarðsins Innriðarðs og garðsins sem afmarkar smábátahöfnina. Stærð fyrirhugaðar landfyllingar er 2,8 ha og telst því ekki umhverfismatsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Með því er fengið aukið landssvæði til hafnsækinnar starfsemi bæði aukningar þeirrar sem fyrir er sem og innkomu nýrra fyrirtækja og þjónustustofnanna. Slík uppbygging og viðbót við núverandi hafnarsvæði myndir hafa teljandi jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið umhverfisþáttu samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta. Svo stór uppfylling er mikil breyting á náttúrfari en taka verður tillit til þess hversu mikið raskað umhverfið er nú þegar og að þetta er á áhrifasvæði þeirrar bátaumferðar sem fyrir er. Ekki er þekkt til neinna varpfugla á þessu svæði, lítið er um uppgöngu fiska þarna inn í krikann og engar fágætar fiskitegundir finnast þar. Áhrifin eru engu að síður óafturkræf þar sem sjávarbotni er breytt í þurrt land. Því má telja umhverfisáhrif uppfyllingarinnar frekar neikvæð á gildi náttúrufars. Umhverfisáhrif á heilsu og vellíðan ræðst að töluverðu leyti af frágangi og útfærslu á framkvæmdastigi.

Ný vegtenging þvert yfir smábátahöfnina myndi auka enn á umferðaröryggi þar sem öll þungaumferð frá Norðri til hafnarinnar yrði leidd af stofnbrætur. Vegurinn mun vera byggður upp á vegfyllingu, ca. 0,3 ha, spölkorn frá landi til að halda náttúrlegu strandformi óröskuðu þar sem þar eru áhrifaríkir rýmisskapandi klettaveggir sem mikilvægir eru fyrir heildarmynd hafnarsvæðisins.

4.4 Umhverfismat stefnumiða um stækkun loðnubræðslu

Stefna um stækkun loðnubræðslu	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og velliðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Aukning umsvifa í allt að 2 þús tonn	+	-	Ú	+

Aukning umsvifa við loðnubræðslu á hafnarsvæðinu í allt að 2 þúsund tonn myndi fela í sér uppgang og aukna atvinnumöguleika á Vopnafirði. Bæði við uppbyggingu og rekstur slíkrar braðslu. Umhverfisáhrif framkvæmdanna á þætti tengda samfélagi, byggð og efnislegum verðmætum eru því teljandi jákvæð. Þetta umfangsmikil starfsemi er þó alltaf líkleg til að valda einhverjum neikvæðum áhrifum á umhverfispætti tengda náttúrufari og þá aðallega fráveitumál og mengun vegna umferðar stórra skipa um höfnina. Einnig er hætt við sjónmengun af svo stórum byggingum og turnum, því er mikilvægt að íbúar samfélagsins séu hafðir með í ráðum á öllum hönnunarstigum svo niðurstaðan verði í sátt við ímynd bæjarins að öðru leyti. Lyktarmengun er algengur fylgifiskur loðnubræðslu og mikilvægt að reynt sé að draga úr henni með fullkomnari hreinsibúnaði og þéttari byggingum.

Niðurstaða umhverfismats skipulagsáætlunar er að stækkun loðnubræðslu í allt að 2 þús tonn geti haft umtalsverð jákvæð og neikvæð umhverfisáhrif og krefjist því umhverfismats á framkvæmdastigi, enda fellur hún undir matskyldar framkvæmdir samkvæmt 1.viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

5 UMHVERFISMAT STEFNUMIÐA FYRIR UMHVERFISSTEFNU SVEITARFÉLAGSINS

5.1 Umhverfismat stefnumiða um sorpförgunarsvæði

Stefna um sorpförgun kemur fram í kafla 3.2.11 og 3.3.10 í greinagerð aðalskipulags	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Sorpförgun: Almenn stefnumið	+	+	+	0

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2005-2020 miðar í alla staði að bættum frágangi á sorpi og öðrum úrgangi í sveitarféluginu. Því er ljóst að stefnumið aðalskipulagsins styðja viðmið varðandi alla umhverfisþætti sem til viðmiðunar eru og hafa á þá jákvæð umhverfisáhrif. Ástand meðhöndlunar og förgun úrgangs er ábótavant í sveitaféluginu og miðar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi fyrst og fremst að því að draga úr myndun úrgangs, með skráningu á magni og flokkun tegunda úrgangs, til að auka endurnotkun, endurvinnslu og jarðgerð lífræns úrgangs. Öllum aðgerðum er nauðsyn að fela í sér markvissa fræðslu til almennings.

5.2 Umhverfismat stefnumiða um efnistökusvæði - efnislosun

Stefna um efnistökusvæði - efnislosun kemur fram í kafla 3.2.10 og 3.3.9 í greinagerð aðalskipulags	Umhverfisþættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Efnistaka og efnislosun: Almenn stefnumið	0	-	0	+

Núverandi opin og nytjuð efnistökusvæði eru 5 talsins og er áætluð efnistaka úr þeim 3-5000 rúmmetrar á ári, háð því hver þörfin innan sveitarfélagsins er. Þetta er efni sem aðallega er notað í uppfyllingar húsgrunna, viðhald vega og steypumöl. Ekki eru áætlaðar neinar stærri efnistökur úr þessum námum að svo stöddu, nema ef ráðist skyldi í uppfyllingu í höfninni. Sú framkvæmd er tilkynningarskyld vegna umfangs síns og er því ekki tekin með í þessar magntölur.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000, 5. gr., viðauka 1 eru m.a. eftirtaldar framkvæmdir ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum:

Liður 21: Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærri.

Undir þennan lið falla námurnar E1, E6, E7 og E8 þar sem þær raska 50.000 m² svæðis eða meira og eru því háðar mati á umhverfisáhrifum ef um fulla nýtingu er að ræða.

Umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins á samfélag, heilsu og vellíðan eru hvorki teljandi jákvæð eða neikvæð á þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar. Umhverfisáhrif efnistökunnar á umhverfisþætti náttúrufars eru neikvæð á efnistökusvæðunum, þar sem flóra og fána svæðanna raskast og breytist óhjákvæmilega. Þau áhrif einskorða sig þó við efnistökusvæðin og næsta umhverfi (áhrifasvæði) sem gæti liðið fyrir mögulegt áfok sands og moldar frá opnum námum. Sjónræn áhrif efnisnámannar eru hverfandi lítil nema þá helst af malarnámu í landi Fremri-Nýpa, sem blasir við þegar ekið er eftir Norðausturvegi (85) yfir Kolbeinstanga. Þar ber því að gæta tillits við frágang og umferð svo ekki séu stærra svæði raskað en nauðsyn krefur og að gengið sé frá þeim svæðum námunnar sem ekki er verið að nýta. Grjótnámur á Kolbeinstanga eru innan svæðis sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota og ætlað til útvistar. Áhrif sprenginga úr námunum eru því mest á hljóðvist en líta verður til þess hversu lítil efnistakan er að umfangi og því sjaldan sem verið er að sprengja. Áhrif efnistökuáætlunarinnar eru jákvæð á umhverfisþætti fyrir byggð og efnisleg verðmæti á skipulagstímabilinu.

Á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar þann 15. desember 2003 var samþykkt tillaga um gerð langtímaáætlunar fyrir frágang eldri efnistökusvæða. Í henni er mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma, sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004 – 2018.

Í sjálfstæðu umhverfismati varðandi efnistöku vegna vegagerðar Norðausturvegar fyrirhuguð efnistökusvæði í jökulruðningi, klöpp, malarhjalla, strandhjalla, árhjalla og áreyrum. Framkvæmdaraðili hefur afmarkað 64 mögulegar efnisnámur við fyrirhugaðar veglínur á Norðausturvegi til Vopnafjarðar. Námusvæði hafa verið afmörkuð nokkuð rúmlega og samanlagt magn efnis sem lagt er til að tekið verði úr námunum er meira en þarf til vegagerðarinnar. (Sjá magn í kafla 6.2.2.) Þessi háttur er hafður á til að val á efnistöku verði sveigjanlegt en stærð námusvæða og efnistökumagn á hverjum stað er háð ýmsum óvissupáttum. Á flestum efnistökusvæðanna verður hægt að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistökuna verði hverfandi. Efnistaka í nokkrum námum verður talsvert áberandi frá veginum en ganga má frá svæðunum þannig að sjónræn áhrif verði í lágmarki.

5.3 Umhverfismat stefnumiða um fráveitu

<i>Umhverfisáhrif fráveituáætlunar</i>	Umhverfispættir			
	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Tillaga aðalskipulags	+	+	+	+

Bættur frágangur á fráveitu í sveitafélag hefur í alla staði jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið allra umhverfisvísa. Uppbygging fráveitu í Vopnafjarðarkaupstað með dælu og lengdum útrásarleiðslum mun minnka bakgrunnsgildi mengunar í höfninni og ströndinni meðfram þorpinu. Átak í fráveitumálum í dreifbýli mun hvetja húseigendur til að bæta úrlausnir sínar fyrir skólp, með rotþróm og siturlögnum þar sem þær vantart. Öll þessi áform munu hafa ótvíræð jákvæð umhverfisáhrif.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

6 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR

6.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 3.3 *Mat á umhverfisáhrifum við skipulagsgerð* segir:

„Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m. a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Í skipulagstillögu skal lýsa þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar.

Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í skipulagstillögunni og að gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið reglugerðar þessarar.

Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið.

Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.”

Endurskoðuð lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 voru samþykkt frá Alþingi vorið 2000. Samkvæmt 5.gr. skulu framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka laganna ávallt háðar umhverfismati.

Í upptalningu 1. viðauka eru meðal annars eftirtaldir þættir sem sveitarfélagið þyrfti að taka tillit til vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skipulagstímabilinu:

10. Vegir:
 - i. Stofnbrautir í þéttbýli.
 - ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m^2 svæði eða stærra eða er 150.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m^2 svæði eða stærra.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

24. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í upptalningu 2. viðauka er meðal annars :

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
 - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
 - d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
2. Námuiðnaður:
 - a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er 50.000 m^3 eða meiri.
 - b. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 m^2 svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
 - c. Djúpborun, einkum:
 - ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni.
11. Aðrar framkvæmdir:
 - c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum.
12. Ferðalög og tómstundir:
 - b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
 - e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.

6.2 Matskyldar framkvæmdir - umhverfismat skipulagstillögunnar

6.2.1 Hellisheiðargöng

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna hugsanlegra jarðganga um Hellisheiði. Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs munu valda því að Vopnafjörður verður ekki lengur sú endastöð sem hann hefur verið yfir veturinn og mun staðurinn verða innan ásættanlegrar vegalengdar frá Mið-Austurlandi með tilliti til þjónustusóknar allan ársins hring. Ekki verður lengur um fjallvegi að fara og umferðaröryggi því verulega bætt. Vopnafjörður og Bakkafjörður munu tilheyra þjónustusvæði Mið-Austurlands í ríkari mæli og mun það e.t.v. valda aukinni samkeppni við heimaþjónustu þar. Of langt er þó á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða til þess að staðirnir nái saman sem atvinnusvæði, nema að hluta. Göng um Hellisheiði munu bæta þjónustustig og ýmis lífsskilyrði í sveitarfélögunum norðan Hellisheiðar.

Ekki hefur verið framkvæmt umhverfismat á hugsanlegum umhverfisáhrifum jarðganganna á svæðið. Varðandi sérstaka umfjöllun um jarðgöng undir Hellisheiði

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

vísast til skýrslu sem unnin var sérstakalega af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri fyrir Vopnafjarðarhrepps árið 2003.

6.2.2 Nýr stofnvegur að Hringvegi

Á vegáætlun árið 2006 og á öðru tímabili samgönguáætlunar 2007-2010 er gert ráð fyrir tengingu Vopnafjarðar við Hringveg með framkvæmdum á Norðausturvegi frá Brunahvammi til Vopnafjarðar. Í samanburði leiða var nýlagning vegarins um Vesturárdal talin ákjósanlegasta leiðin til að tengja Vopnafjörð við Hringveginn. Sú útfærsla er nýlagning vegar yfir 10 km löng og efnistaka meira en 150.000 m³ eða raska á meira en 50.000 m² og fellur því undir kvöð um umhverfismat áætlana. Fram kemur í matskýrslu fyrir mat á umhverfisáhrifum, sem unnið var af Áætlana- og veghönnunardeild Vegagerðarinnar, að Vesturárdalsleið geti haft talsverð neikvæð áhrif á landnotkun, landbúnað, laxveiði, gróður og landslag en þó alltaf minnst neikvæð umhverfisáhrif við samanburð á veglínum.

Efnispörf til byggingar Norðausturvegar til Vopnafjarðar er mikil vegna lengdar vegarins. Áætluð efnispörf framkvæmdarinnar er samtals um 940-1.040 þús. m³ auk um 145 þús. m³ vegna Millidalaleiðar. Efni verður að stórum hluta fengið úr nánum. Aðeins er tekin samantekt á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda þar sem ýtarlegt mat á umhverfisáhrifum hefur þegar farið fram hjá Áætlana- og veghönnunardeild Vegagerðarinnar, maí 2007.

6.2.3 Ný stofnbraut í þéttbýli

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna tilkomu nýrrar stofnbrautar í þéttbýli, skv. lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Með tilkomu nýrrar stofnbrautar í gegnum m.a. hafnarsvæðið eykst umferðaröryggi til muna þar sem stærri bílar þurfa ekki að aka um Hamrahlíð og aðgengi batnar að höfn. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif vegna útblástursmengunar og hávaða á þeim svæðum sem stofnbrautin liggur um. Leiðin mun raska fornminjum og sérstökum landslagsgerðum (hallamýrum).

6.2.4 Hafnarsvæði

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna tilkomu nýrrar uppfyllingar á hafnarsvæði, skv. lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Gert er ráð fyrir umtalsverðri uppfyllingu á norðurhluta hafnarsvæðis undir hafnsækna starfsemi. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera á fuglalíf og dýralíf.

6.2.5 Stækkun loðnubræðslu í allt að 2 þúsund tonn

Kvöð er á um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meira. HB Grandi hefur sótt um skipulagsleyfi fyrir stækkun loðnubræðslunnar í allt að 2 þúsund tonna framleiðslugetu. Helstu umhverfisáhrif eru talin vera frárennsli, lyktar- og sjónmengun.

7 SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Sveitarfélagið Vopnafjarðarhreppur einkennist af víðfeðmum heiðum, grónum döllum og strandsvæðum sem teljast til einstakra svæða hvað varðar lífríki og eigindi (karakter). Því er sveitafélaginu kappsmál að huga vel að umhverfismálum og sjálfbærri þróun við gerð aðalskipulagsins.

Við vinnu þessarar umhverfismatsskýrslu var lagt mat á áætluð umhverfisáhrif stefnumiða á tiltekna umhverfisþætti; samfélag, náttúrufar, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Horft var sérstaklega á líkindi, tíðni og varanleika stefnumiðanna sem og samlegðaráhrifa ólíkra skipulagsáætlana.

7.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur

Sveitarfélagið er frekar einangrað yfir vetrartímann og núverandi samgöngur uppfylla ekki nútíma kröfur um umferðaöryggi og akstursþægindi. Umhverfisáhrif stefnumiða fyrir samgöngur á tiltekna umhverfisþætti eru teljandi jákvæð á skipulagstímabilinu. Úrvinnsla áætlana á framkvæmdastigi sem og framkvæmdirnar sjálfar munu alltaf hafa í för með sér viss neikvæð umhverfisáhrif tengd því raski sem nýjum vegstæðum fylgja, en viðeigandi ráðstafanir og mótvægisáðgerðir gera það raunhæft að áætla heildaráhrif framkvæmdanna jákvæð þegar fram líður.

Hellisheiðargöng munu hafa bæði bein og afleidd jákvæð umhverfisáhrif á þætti tengda samfélagi, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Vegna styttingar veglínu og öruggari samgangna mun flutningskostnaður minnka, öryggi samfélagsþjónustu aukast og almennur aðgangur að þjónustu á Mið-Austurlandi mun batna. Umhverfisáhrif á náttúrfar munu verða nokkur á framkvæmdasvæðinu, meðan á framkvæmdum stendur en óveruleg, sérstaklega þegar litíð er til þess að áhrifasvæði vegtengingar undir heiðina eru mun minni en þegar vegurinn liggur yfir hana. Við óbreyttar vegasamgöngur má álita umhverfisáhrif neikvæð varðandi umferðaröryggi og mengun vegna útblástur bifreiða.

Jákvæð umhverfisáhrif **Norðausturvegar** er umtalsverð fyrir umhverfisþætti stefnumiða fyrir samfélag, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Neikvæð umhverfisáhrif Norðausturvegar eru nokkur þar sem verið er að raska 20-80 m breiðri spildu á um 40 km langri leið, sem að mestu leyti liggur á lítt röskuðu landi. Þau neikvæðu áhrif munu ná til margra umhverfisþáttta. Öruggari vegtenging Hringvegar til Vopnafjarðar telst mikil samgöngubót fyrir íbúana, sérstaklega þegar litíð er til vetrarfærðar og ef heildina er litíð vega þau áhrif þyngra en neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna. Óbreytt landnotkun mun ekki hafa teljandi áhrif á umhverfisþætti tengda samfélagi eða

náttúrufari, en til lengri tíma litið heldur neikvæð áhrif á heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti.

Umhverfismat fyrir **nýja stofnbraut í þéttbýli** leiðir í ljós umtalsverð jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti tengda samfélagi, heilsu og vellíðan, byggð og efnislegum verðmætum. Umhverfisáhrif á náttúrfar eru ekki teljandi jákvæð né neikvæð. Bætt aðgengi að höfn, aukið öryggi gangandi vegfarandi og minni hávaðamengun eru helstu jákvæðu umhverfisáhrif framkvæmdanna, en útblástur og hávaði frá nýrri stofnbraut helstu neikvæðu áhrifin.

7.2 Umhverfismat fyrir hafnarsvæði

Neikvæð umhverfisáhrif stefnumiða á náttúrufar í höfninni eru töluverð. Þeir þættir sem þyngst vega fyrir umhverfisþætti stefnumiða varðandi heilsu og vellíðan eru ásýnd hafnarmannvirkja og mengun hvort sem er í lofti og legi. Með góðri hönnun má gera ásýndaráhrifin jákvæð og búnaður til að varna mengun sem og eftirfylgni með réttri notkun hans munu leiða í ljós hvort umhverfisáhrifin verða jákvæð eða neikvæð. Jákvæð áhrif stefnu aðalskipulags um uppbyggingu á hafnarsvæðinu eru umtalsverð á umhverfisþætti tengda samfélagi, byggð og efnislegum verðmætum.

Umhverfisáhrif fyrir lengingu fyrirhugaðs viðlegukantar og **uppfyllingar að Ásgarðsbryggju** eru jákvæð fyrir umhverfisþætti tengda samfélagi, byggð og efnislegum verðmætum. Þar sem um ræðir mjög raskað svæði, undir miklum áhrifum núverandi skipa/báta umferð sem mun ekki aukast neitt sem nemur, eru umhverfisáhrif framkvæmdanna á náttúrfar ekki talin vera teljandi. Áhrif á umhverfisþætti tengda heilsu og vellíðan er þó háð úrvinnslu hugmynda á deiliskipulags- og framkvæmdastigi.

Með nýrri **uppfyllingu milli hafnargarðsins Innigarðs og Smábáthafnar** er fengið aukið landssvæði til hafnsækinnar starfsemi. Slík uppbygging og viðbót við núverandi hafnarsvæði myndi hafa teljandi jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið umhverfisþáttu samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta. Svo stór uppfylling er mikil breyting á náttúrfari en taka verður tillit til þess hversu mikið raskað umhverfið er þegar og að þetta er á áhrifasvæði þeirrar bátaumferðar sem fyrir er. Áhrifin eru engu að síður óafturkræf má því telja umhverfisáhrif uppfyllingarinnar frekar neikvæð á gildi náttúrufars. Umhverfisáhrif á heilsu og vellíðan ræðst að töluverðu leyti af frágangi og útfærslu á framkvæmdastigi.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar **stækkunar loðnubræðslu HB Granda** í 2 þús tonna vinnslugetu eru talin jákvæð hvað varðar gildi vegna samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta. Áhrif á heilsu fólks og vellíðan veltur á ýmsum útfærsluatriðum á hönnunar-

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

framkvæmda- og rekstrarstigi, t.d. hæð og últiti skorsteina, lyktarmengun og aðlögun nýrra mannvirkja að núverandi byggingum. Neikvæð áhrif á umhverfisviðmið náttúrfars eru nokkur vegna frárennslismála sem og umferðar stórskipa um höfnina.

7.3 Umhverfismat stefnumiða fyrir umhverfisstefnu sveitarfélagsins

Sorpþörgun er í margra staði ábótavant hjá Vopnafjarðarhrepp en „Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2005-2020“ miðar að aðgerðum til að bæta frágang og draga úr framleiðslu á sorpi.

Umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins um **efnistökusvæði – efnislosun** á samfélag, heilsu og vellíðan eru hvorki teljandi jákvæð eða neikvæð á þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar. Umhverfisáhrif efnistökunnar á umhverfisþætti náttúrfars eru neikvæð á efnistökusvæðunum, þar sem flóra og fána svæðanna raskast og breytist óhjákvæmilega. Þau áhrif einskorða sig þó eingöngu við efnistökusvæðin og næsta umhverfi (áhrifasvæði) sem gæti liðið fyrir mögulegt áfok sands og moldar frá opnum nánum. Áhrif efnistökuáætlunarinnar eru jákvæð á umhverfisþætti fyrir byggð og efnisleg verðmæti á skipulagstímabilinu.

Umhverfismat fyrir **fráveituáætlun** sveitafélagsins leiðir í ljós að hún mun í alla staði hafa teljandi jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið allra umhverfisvísa. Uppbygging fráveitu í Vopnafjarðarkaupstað með dælu og lengdum útrásarleiðslum mun minnka bakgrunnsgildi mengunar í höfninni og ströndinni meðfram þorpinu. Átak í fráveitumálum í dreifbýli mun hvetja húseigendur til að bæta úrlausnir sínar fyrir skólp, með rotþróum og siturlögnum þar sem þær vantar.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

8 Niðurstaða umhverfismats

Aukin hafnarsækin starfsemi er eitt helsta sóknarfærið á Vopnafirði og er þá þörf á stækkun hafnarsvæðisins (uppfylling og viðlegukantur). Úrbætur í efnistöku- og sorpförgunarmálum eru í sjónmáli. Með hliðsjón af þessum þáttum ásamt vandaðri hönnun, framkvæmdum og eftirfylgni áætlana, má álykta að stefnumið aðalskipulagsins muni styrkja byggðina og gera Vopnafjörð að aðlaðandi búsetukosti. Markmið og leiðir að þessum málaflokkum eru því líkleg til að hafa teljandi jákvæð umhverfisáhrif á sveitarfélagið. Umhverfisstefna sveitafélagsins er skýr í vissum málaflokkum og miðar að úrbótum, áætlunum og eftirfylgni með þeim, sem munu hafa talsverð eða töluverð jákvæð umhverfisáhrif.

Þó verður aldrei komst hjá neikvæðum umhverfisáhrifum svo stórra framkvæmda á náttúrufar svæðisins en eru jákvæðu áhrifin talin vega þyngra þegar litið er til heldaráhrifa framkvæmdanna á landssvæðið.

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps styður á jákvæðan hátt við umhverfisviðmið þau sem lögð eru til grundvallar umhverfismati skipulagsáætlunarinnar. Stefna skipulagsins miðar að uppbryggingu atvinnulífs, bættum samgöngum og lífskjörum sem og hærra þjónustustigs við íbúa. Því má segja að stefnan í heild sinni hafi jákvæð umhverfisáhrif á þætti tengda samfélagi, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Umhverfisáhrif á náttúrufar eru óveruleg þegar litið er til líka á áhrifum, hve lengi þau vara, tíðni þeirra og hvort þau ganga til baka, vægi þeirra og umfangs. Því til rökstuðnings má benda á að lagning Norðausturvegar hefur þegar farið í ítarlegt umhverfismat og var niðurstaðan sú að áhrif hennar séu óveruleg. Vegurinn er samt sú framkvæmd sem veldur mestu raski á náttúrufari af fyrirhuguðum framkvæmdum á skipulagstímabilinu. Því er niðurstaða umhverfismatsins sú að Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps hafi teljandi jákvæð og óveruleg neikvæð umhverfisáhrif á þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar.

8.1 Vöktunaráætlun

Þar sem skipulagstillagan er ekki talin líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif er ekki gerð sérstök vöktunaráætlun til vöktunar umhverfisáhrifa. Þetta ákvæði skal taka til endurmats við endurskoðun aðalskipulags að fjórum árum liðnum.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

9 HEIMILDASKRÁ

- 1 Aðalskipulag Vopnafjarðar 1980 – 2000.
- 2 Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2005). *Fornleifaskráning Vopnafjarðar – Svæðisskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur. Sauðárkrókur
- 3 Fornleifavernd ríkisins (2007). Ýmsar undirsíður. Sótt september 2007.
www.fornleifavernd.is
- 4 Gunnar Bjarnason, Hersir Gíslason, Hafdís Eygló Jónsdóttir (2004).
Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018. Rannsóknadeild Vegagerðarinnar, Reykjavík.
- 5 Grétar Þór Eyþórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson (2001). *Áhrif samgöngubóta á byggðaþróun*. Byggðastofnun, Sauðárkróki.
- 6 Hreinn Haraldsson, Eymundur Runólfsson, Gísli Eiríksson, Helgi Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson (2000). *Jarðgangaáætlun - unnin fyrir Samgönguráðuneytið*. Vegagerðin, Reykjavík.
- 7 Heilbrigðisstofnun Austurlands (2006). Ýmsar undirsíður. Sótt 2005-2006.
www.hsa.is
- 8 Lög um mat á umhverfisáhrifum [2000 nr. 106 25. maí](#)
- 9 Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- 10 Samgönguráðuneytið (2001). *Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps*. Svansrent, Reykjavík.
- 11 Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- 12 Umhverfisstofnun (2006). Ýmsar undirsíður. Sótt 2006-2008. www.ust.is
- 13 Umhverfisráðuneytið (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.* www.umhverfisraduneytid.is
- 14 Verkfræðistofa Austurlands ehf. og Línuhönnun hf. (2001) *Forathugun á fráveitumálum á Vopnafirði*. Egilsstöðum.
- 15 Vopnafjarðarhreppur og Samorka (2006). *Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps. Innra eftirlit fyrir vatnsveitum*.
- 16 VSÓ Ráðgjöf (2004). *Norðausturvegur, samanburður leiða 1,2 og 3*. Vegagerðin, Reykjavík.
- 17 Próunarstofa Austurlands (2000). *Áhrif jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs á byggðaþróun*. Egilsstöðum.
- 18 Próunarstofa Austurlands (2001). *Vopnfirðingar virkja. Stefna í atvinnumálum Vopnafjarðarhrepps 2001 -2006*. Egilsstöðum.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

10 VIÐAUKAR

10.1 Viðauki I, Venslatöflur

Samfélag		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfispáttá/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Íbúaþróun	Íbúafjöldi - þróun	Samfélagsuppbryggingin er í stakk búin að taka við hugsanlegri íbúafjölgun sem gæti komið í kjölfarið á bættari samgöngum og uppbryggingu á hafnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir 1-1,5% íbúafjölgun á ári í Vopnafjarðarhreppi. Í dag eru skörð í aldursdreifingu, sérstaklega 20 til 39 ára, sem afleiðingu brotflutnings. Konur virðast vera í meirihluta þeirra sem flytja á brott. Nýjum íbúðum skal valinn staður m.t.t. landslags, umhverfispáttá, aðkomuleiða, núverandi grunnkerfa og stofnkostnaðar.
	Samsetning íbúa (kyn, aldur)	
Félagslegt umhverfi	Aðgengi að þjónustu , þ.m.t. Samfélagsþjónustu Útvist og tómstundir	Að tryggja íbúunum greiðan aðgang að þjónustustofnunum og fyrirtækjum með innra skipulagi og aðgangi fyrir alla (fatlaða). Tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til leikja, íþróttu- og tómstundastarfs. Átak í uppbryggingu leiksvæða. Að ljúka frágangi gatna með klæðningu og gangstéttum. Að færa þungaumferð út úr íbúðabyggð með nýrri stofnbraut til austurs.
	Samgöngur	Ekki þörf á bættari flugsamgöngum til Vopnafjarðar, ef göng undir Hellisheiði verða að veruleika.
	Menningarminjar	Eitt af meginmarkmiðum sveitarfélagsins er að vernda menningar og náttúrumenningar og sérkenni sveitarfélagsins.
	Ferðamál	Markmiðið er að marka sérstaka stefnu í ferðamálum og átaksáætlun.
Atvinnulíf	Fjöldi starfa	Heildarfjöldi starfandi einstaklinga hefur fækkað um 8% frá 1998 til 2003.
	Tegund starfa	Hlutfallslegur samdráttur hefur orðið í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu en auking í þjónustu.
	Tekjur	Vopnafjarðarhreppur var 1,4% undir landsmeðaltali hvað varðar meðaltekjur 1997

Náttúrufar

Umhverfis þættir	Lýsing umhverfispáttá/ umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Gróður Dýr	Auðlindanýting, Sorpþörgun Vistgerðir, vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni Tegundir/svæði sem njóta verndar Friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar	Áætlun um frágang náma fyrir 2018. Ekki fundist nægilegt heitt vatn fyrir hitaveitu. Áætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi
Vatn/sjór	Gert er ráð fyrir 100 m breiðu belti meðfram ám, vötnum og sjó þar sem engin önnur mannvirki en til útvistar eru leyfð.	Þrjú svæði á náttúruminjaskrá. Ekki annað friðlýst.

Heilsa og vellíðan

Umhverfis þættir	Lýsing umhverfispáttá/ umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Heilsa og vellíðan	Mengun (loft/vatn/sjór) Hávaði Samfélagsöryggi (Glæpir, umferðar og slysahætta)	Mælst til þess að mest mengandi fyrtækni setji upp hreinsunarbúnað fyrir skolp/frárennslu Athuga verður breytt hávaðamörk við lagningu nýrrar stofnbrautar í þéttbýli Eitt af megin markmiðum Umferðaöryggisáætlunar er að draga úr ofsaakstri og stefna að því að allir farþegar og ökumenn noti öryggisbelti.

Byggð og efnisleg verðmæti

Umhverfis þættir	Lýsing umhverfispáttá/ umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Byggðamyntur	Þéttleiki og fyrirkomulag	Markmið með þéttingu byggðar er að nýta óbyggð svæði á núverandi íbúðarsvæðisreitum. Töluvert svæði á norðanverðum Kolbeinstanga er skilgreint sem blönduð landnotkun, íbúðabyggð og athafnasvæði. Það fer eftir hvort þróast hraðar íbúðabyggð eða athafnasvæði, hvernig þróun verður þar. Áframhaldandi uppfylling og uppbygging á Hafnarsvæði. Bættur umhverfisfrágangur á Miðsvæði
Efnisleg verðmæti	Gerð og stærð húsnæðis Framboð/eftirspurn húsnæðis Sjóvarnargarðar	Mestur hluti íbúa í einbýlishúsum í dag. Fasteignaverð er talið hækka við gerð jarðganga og hugsanlegt að eftirspurn aukist. Í tillögunni er gert ráð fyrir umtalsverðri stækkan hafnarsvæðisins (uppfyllingu) og aukinni viðlegu fyrir skip.

Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026